# Þriðjudagur 17. janúar

### SJÓNVARPIÐ

18.00 **Berta** (13). Breskur teiknimyndaflokkur í þrettán þáttum. Leikraddir Sigrún Waage og Þór Tulinius. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir.
18.15 **Leiktjaldið.** Mynd um lítinn dreng og þátttöku hans í leiksýningu.
18.25 **Gullregn. Fyrsti þáttur.** Danskur framhaldsmyndaflokkur fyrir börn í sex þáttum, þar sem segir frá nokkrum krökkum sem komast yfir ránsfeng sem bankaræningjar höfðu falið. Þau fela peningana en ræningjarnir eru ekki langt undan.
18.55 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn** – endursýndur þáttur frá 11. jan. sl.
19.25 **Annáll íslenskra tónlistarmyndbanda. Seinni hluti.** Endursýndur þáttur frá sl. föstudegi.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Matarlist.** Umsjón Sigmar B. Hauksson.
20.45 **Leyndardómar Sahara** (Secret of the Sahara). Fyrsti þáttur. Framhaldsmyndaflokkur í átta þáttum. Leikstjóri Alberto Negrin. Aðalhlutverk Michael York, Ben Kingsley, James Farentino, Andie MacDowell og David Soul. Fornleifafræðingur heldur inn á auðnir Sahara til rannsókna. Hann lendir í útistöðum við innfædda menn og einnig liðhlaupa úr frönsku útlendingahersveitinni.
21.40 **Fækkar fiskvinnslum og fiskiskipum?** Umræðuþáttur í sjónvarpssal í beinni útsendingu með þátttöku sjávarútvegsráðherra Halldórs Ásgrímssonar og fulltrúa hagsmunaaðila.
22.20 **Snókereinvígi.** Heimsmeistarinn í snóker, Steve Davis, og Neal Faulds, sem er í þriðja sæti heimsmeistaralistans, keppa á Hótel Íslandi og sýnir Sjónvarpið beint frá keppninni
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

### STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara**
16.35 **Simon** Gamanmynd með hinum óborganlega Alan Arkin í aðalhlutverki. Nokkrum vísindamönnum tekst að heilaþvo háskólaprófessor og telja honum trú um að hann sé vera úr öðrum heimi. Aðalhlutverk: Alan Arkin, Madeleine Kahn og Austin Pendleton.
18.15 **Feldur** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausa en fjöruga hunda og ketti.
18.45 **Ævintýramaður** Spennandi framhaldsmyndaflokkur í ævintýralegum stíl. Aðalhlutverk: Oliver Tobias, Peter Hambleton og Paul Gittins.
19.19 **19.19** Heil klukkustund af fréttaflutningi ásamt fréttatengdu efni.
20.30 **Íþróttir á þriðjudegi** Íþróttaþáttur með blönduðu efni úr víðri veröld.
21.25 **Hunter** Vinsæll bandarískur spennumyndaflokkur.
22.15 **Frá degi til dags** Annar hluti. Aðalhlutverk: Anne Phelan, Martyn Sanderson, Kaarin Fairfax, Anna Hruby og Shane Connor.
23.05 **Klárir kúasmalar** Rancho Deluxe. Gamansamur vestri um tvo kúasmala sem komast í hann krappan þegar þeir ganga of nærri ríkum landeiganda og hans ektakvinnu. Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Sam Waterston og Elizabeth Ashley.
00.40 **Dagskrárlok**

### SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.**
8.30 **Pound Puppies.**
9.00 **Rómantísk tónlist.**
10.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
11.00 **Niðurtalning.** Poppþáttur.
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Borgarljós.** Þáttur um frægt fólk.
13.30 **Bílasport.**
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Starcom.** Ævintýrasería.
15.00 **Vinsældalistinn.** Poppþáttur.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Gidget.** Gamanþáttur.
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **Family Affair.** Gamanþáttur.
18.30 **Gemini maðurinn.** Sakamálamynd.
19.30 **In Possession.** Kvikmynd frá 1984.
21.00 **Ameríski fótboltinn.**
22.00 **Popp.** Diskótek heimsótt.
23.00 **50 vinsælustu** Poppþáttur.
24.00 **Sonata eftir Prikofiev.** John Lill leikur.
00.35 **Klarinett quintett eftir Brahms** Chilligirian kvartettinn leikur.
2.00 **Guitarra., 4. þáttur.**
02.30 **Marisa Robles.**
3.00 **Tónlist og landslag.**

### Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Andrés Indriðason les sögu sína „Lyklabarn". (5.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í pokahorninu.** Sigríður Pétursdóttir gefur hlustendum holl ráð varðandi heimilishald.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Suðurlandi. Umsjón: Þorlákur Helgason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.**
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Kvennaráðgjöf. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Æfingatími" eftir Edvard Hoem. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les þýðingu sína. (9.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Snjóalög.** - Snorri Guðvarðarson. (Frá Akureyri)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Tyrkland,** – þar sem austur og vestur mætast.
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Blóðið, hvers vegna er það rautt? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Páll P. Pálsson, Paul Kont og Jón Þórarinsson.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá** – Norskar nútímabókmenntir. Umsjón: Óskar Vistdal.
20.00 **Litli barnatíminn.**
20.15 **Kirkjutónlist.**
21.00 **Kveðja að austan.** Úrval svæðisútvarpsins á Austurlandi í liðinni viku. Umsjón: Haraldur Bjarnason. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Útvarpssagan:** „Heiður ættarinnar" eftir Jón Björnsson. Herdís Þorvaldsdóttir les (19.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Leikrit:** „Aukaleikarinn" eftir Andreas Anden. Þýðandi: Jóhanna Þráinsdóttir. Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson. Leikendur: Bessi Bjarnason, Þorsteinn Gunnarsson, Margrét Ákadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Guðmundur Ólafsson, Árni Tryggvason, Örn Árnason, Þóra Friðriksdóttir, Baldvin Halldórsson og Kjartan Bjargmundsson.
23.00 **Tónlist á síðkvöldi** – Bloch, Tippett og Rubinstein.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.**
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2 FM 91,1

7.03 Morgunútvarpið. Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum, 9.03 Viðbit - Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
10.05 **Morgunsyrpa.** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls.
14.00 **Á milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kl. 18.03 hefst svo „Þjóðarsálin".
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins** – Spurningakeppni framhaldskóla. Fjölbrautaskólinn Ármúla – Menntaskólinn við Hamrahlíð, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Selfossi – Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Keflavík. Dómari og höfundur spurninga: Páll Lýðsson. Spyrill: Vernharður Linnet. Umsjón: Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Fimmti þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.10 **Vökulögin.** Að loknum fréttum kl. 2.00 verður endurtekinn frá föstudegi þátturinn „Ljúflingslög" í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

### FM 98·9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Réttum megin framúr með Bylgjunni – Þægileg morguntónlist. Kíkt í blöðin og litið til veðurs. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Allt í einum pakka – hádegis- og kvöldtónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. – Potturinn kl. 11. Brávallagatan milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Síðdegistónlist eins og hún gerist best. Síminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson spjallar við hlustendur. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri músík og minna mas.
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Þægileg kvöldtónlist.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

### Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson. Tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.**

### Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7

8.00 **Haldís Eygló Jónsdóttir,** morgunmanneskjan magnaða, kemur ykkur réttu megin framúr. Síminn er 625511.
12.00 **Tónlist með matnum, ókynnt.**
13.00 **Snorri Sturluson** á dagvakt Hljóðbylgjunnar. Skemmtileg tónlist og ýmsar uppákomur. Óskalagasíminn er 625511.
17.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir** og öll uppáhaldslögin ykkar.
19.00 **Ljúf kvöldmatartónlist.**
20.00 **Marinó V. Marinósson,** kveldúlfurinn mikli. Tónlist úr öllum áttum, fyrir alla.
22.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir undirbýr hlustendur fyrir svefninn með rólegri og þægilegri tónlist.**
1.00 **Dagskrárlok.**

### ÚTRÁS

16.00 **FG.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MH.**
1.00 **Dagskrárlok.**

### ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði Lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
20.30 **Heimsljós.** Endurtekið frá laugardegi.
22.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

### Rót ÚTVARP FM 106·8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Tónlist.**
15.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Kvennalistinn.** Þáttur á vegum þingflokks Kvennalistans.
17.30 **Hanagal.** Umsjón: Félag áhugafólks um franska tungu.
18.30 **LAUST.**
19.00 **OPIÐ.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Sveins Ólafssonar, Gunnars L. Hjálmarssonar og Birgis Baldurssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sig. Ívarssonar. E. 2.00- **Dagskrárlok.**

### Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Halló Hafnarfjörður.** Halldór Árni með fréttir úr Firðinum, viðtöl og fjölbreytta tónlist.
19.00–23.00 **Útvarpsklúbbur Lækjarskóla.**

### Hljóðbylgjan Akureyri FM 101,8

7.00 **Kjartan Pálmarsson** vekur Norðlendinga af værum svefni og leikur þægilega tónlist svona í morgunsárið. Kjartan lítur í blöðin og segir fréttir af veðri.
9.00 **Rannveig Karlsdóttir** leikur góða tónlist og spjallar við hlustendur. Afmælisdagbókin á sínum stað.
12.00 **Ókynnt tónlist með matnum.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** leikur tónlist við allra hæfi, léttur að vanda.
17.00 **Kjartan Pálmarsson** verður okkur innan handar á leið heim úr vinnu. Tími tækifæranna kl. 17.30–17.45. Síminn er 27711.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** leikur vandaða tónlist og tekur fyrir ýmsar þekktar hljómsveitir.
22.00 **Þráinn Brjánsson** sér um tónlistarþátt.
24.00 **Dagskrárlok.**

### Ólund

19.00 **Gatið.**
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Verkmenntaskólanum.
21.00 **Fregnir.** 30 mínutna fréttaþáttur. Bæjarmál á þriðjudegi. Bæjarfulltrúar koma í heimsókn.
21.30 **Sagnfræðiþáttur.** Sagan í víðu samhengi. Ritgerðir og þ.h.
22.00 **Æðri dægurlög.** Diddi og Freyr spila sígildar lummur sem allir elska.
23.00 **Kjöt (-).** Ási og Pétur sjúga tónlist og spjalla um kjöt og fleira.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Þeir lenda svo sannarlega í spennandi atburðarás, krakkarnir í Gullregni.**

## Sjónvarp kl. 18.25:
# Gullregn

Gullregn er danskur spennuþáttur í sex hlutum sem ætlaður er unglingum. Söguþráðurinn er byggður á sönnum atburði um niðurgrafið box fullt af peningum sem fannst í Dyrehavsbakken í Kaupmannahöfn.

Við fylgjumst með í byrjun þegar maður nokkur grefur niður kökubox. Seinna kemur hann aftur og troðfyllir boxið af peningum.

Það sem maðurinn veit ekki er að ung stelpa, Nanna, hefur orðið vitni að þessum atburði. Hún segir vinum sínum, Karen, Jørn og Lasse, frá þessu. Upp frá þessu lenda þau í miklum ævintýrum.

Gullregn er skrifað fyrir börn og unglinga en spurning er hvort fullorðnir geti slitið sig frá þáttunum ef þeir á annað borð byrja að fylgjast með. -HK

## Rás 1 kl. 22.30:
# Aukaleikarinn

Leikrit vikunnar er að þessu sinni Aukaleikarinn og er eftir þýska rithöfundinn Andreas Anden. Það verður á dagskrá þriðjudaginn 17. janúar kl. 22.30. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.

Í stuttu máli er söguþráðurinn að listmunasalinn Blake hefur lent í fangelsi vegna svika meðeiganda síns sem hefur reyndar líka tekið eiginkonuna frá honum. Nokkrum mánuðum seinna býðst honum gullið tækifæri til hefnda þegar hann fær örstutt leyfi og hittir tvífara sinn fyrir tilviljun.

Í helstu hlutverkum eru Bessi Bjarnason, Þorsteinn Gunnarsson, Margrét Ákadóttir og Árni Pétur Guðjónsson. Leikritinu verður einnig útvarpað næstkomandi fimmtudag kl. 15.03.



**Meðal leikara í Leyndardómum Sahara er Ben Kingsley.**

## Sjónvarp kl. 20.45:
# Leyndardómar Sahara

Nýr framhaldsmyndaflokkur í átta þáttum byrjar göngu sína í kvöld. Þetta er sannkölluð ævintýrakvikmynd er gerist í Austurlöndum nær.

Sagan hefst 1925. Þekktur jarðfræðingur, Desmond Jordan, finnur handrit sem sannar að til er hið „talandi fjall". Leitin að „fjallinu" hefst og samkvæmt handritinu er Sahara sá staður sem leita ber á. Sahara er eins og allir vita mikil auðn og lendir Jordan í miklum hrakningum í leit sinni. Þorsti, blindandi sól og sandstormar eru aðeins hluti þeirra hrakninga sem hann lendir í. Og til að auka á vandamál hans gengur honum illa að eiga við innfædda íbúa eyðimerkurinnar.

Það eru þekktir leikarar í aðalhlutverkum myndarinnar. Michael York leikur Jordan. Aðrir leikarar eru Ben Kingsley, James Farentino, Andie MacDowell, David Soul, Delia Boccardo og Jean Pierre Cassel.

Kvikmyndin er framleidd af ítalska sjónvarpinu og er leikstjóri Alberto Negrin. Tónlistina semur eitt þekktasta kvikmyndatónskáld heimsins Ennio Morricone. -HK